



Námskeið



Að vanda verða grunnnámskeiðin í ArcGIS í boði þetta haustið. Einnig verða dagsnámskeið þar sem farið verður yfir það helsta sem er nýtt í ArcGIS 10. Önnur ný námskeið eru 3D í ArcGIS. Kortagerð fyrir vefinn (Vefkort) er einnig nýtt 2. daga námskeið.

Nánari upplýsingar um [námskeiðin](#) má skoða á heimasíðu okkar.

Evrópuráðstefna ESRI í Róm í október

Evrópuráðstefna ESRI verður haldin að þessu sinni í Róm á Ítalíu 26. – 28. október. Á þremur dögum færðu að kynnst því nýjasta í landupplýsingum í dag.



ArcGIS 10

Í lok júní kom ArcGIS 10 út. Miklar breytingar hafa orðið á því hverngi forritið er afhent. Notendur hafa fengið send aðgangsorð að heimasvæði sínu þar sem þeir geta hlaðið forritinu niður. Þeir sem ekki geta hlaðið forritinu niður geta fengið senda diska líkt og áður. Einnig hafa allir notendur

Námskeið á næstunni



30. sept., 12. okt.

10. nóv.

Hvað er nýtt í ArcGIS 10

15-16. sept. ArcGIS I

21--23. sept. ArcGIS II

13--14. okt. ArcGIS III

5--6. okt. 3D í ArcGIS

27--28. okt. Vefkort

Skráning og nánari upplýsingar hjá Írisi (iris@samsyn.is)



Skráning á ESRI

Evrópuráðstefnuna í Róm

26--28. október 2010

stendur yfir

fengið senda leyfiskóða. Hafa ber í huga að þegar forritið er sett upp þarf tölvan að vera tengd Internetinu. Forritið styðst ekki lengur við leyfislykla líkt og áður því er nú hægt að setja leyfisskránnar upp á netþjón.

Kosturinn við að uppfæra í ArcGIS 10 er tvímælalaust hraðinn þar sem öll vinnsla forritsins er mun betri en hún var. Fyrirþá sem vilja bíða með uppfærslu þangað til fyrsti Service Packinn kemur þá er von á honum í byrjun október.

Viðvörðun vegna Personal Geodatabase í ArcGIS 10

Lýsing:

Við uppfærslu á Personal Geodatabase þar sem ekki hefur verið stuðst við ensk unicode hafa komið upp vandamál. Í sumum tilfellum þar sem ekki hefur verið notast við enskt unicode skemmast eigindir í gagnagrunninum við uppfærslu á Personal Geodatabase (access file) í ArcGIS 10 Geodatabase. Villan eyðileggur grunn gögnin í töflunni og er óafturkallanleg. Frekari upplýsingar varðandi vandamálið er hægt að finna í [grein 38149](#).

Lausn:

Hægt er að sækja viðbót við forritið. [Niðurhal](#)
Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi tilfellið hafið þá samband.

Loftmyndataka 2010



Í júlí voru teknar loftmyndir af Reykjavík, Úlfliótsvatni og svæðinu þar í kring, Eyjafjallajökli og Grindavík í júlí í sumar. Myndirnar eru komnar í hús og verða nýju myndirnar af Reykjavík aðgengilegar í Borgarvefsjóninni innan tíðar.



Loftmyndir 2010



Samsýn fær viðurkenningu



Samsýn fær viðurkenningu frá ESRI



Á árlegum dreifiaðilafundi ESRI sem haldin er í höfuðstöðvum ESRI í Redlands hlaut Samsýn viðurkenningu fyrir „Special Achievement Award for best Sales Tactics“. Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og hrun gengis krónu gagnvart dollar hefur verið hægt að halda hækkun á verði hugbúnaðar og viðhaldsgjalda í skefjum og eru þær töluvert minni en almennt hefur gerst á landinu undanfarna mánuði. Þetta hefur þýtt að notendur ArcGIS hugbúnaðar hafa átt auðveldara með að halda þeim fjölda leyfa sem þeir höfðu áður.

Einnig hafa verið gerðir svonefndir ELA samningar við 4 af stærstu viðskiptamönnum ESRI hugbúnaðar hér á landi. Þeir samningar tryggja viðskiptavinum betra aðgengi að hugbúnaði, uppfærslum og þjónustu af hálfu Samsýnar.

ESRI International User Conference

12.-16. júlí 2010 San Diego, CA



Hin árlega notendaráðstefna ESRI var haldin í San Diego í júlí. Að vanda var margt áhugavert í boði og mikið um að vera á ESRI eyjunni sem staðsett var í miðju sýningarsalnum. Þar var til að mynda hægt að setjast niður og fara í gegnum námskeið, heimsækja þá sem eru í tækniástoð hjá ESRI, hlusta á stuttar kynningar og fleira. Við mælum með að taka sér smá stund og hlusta á það sem fram fór á opnunar degi ráðstefnunnar á [heimasíðu ESRI](#).

Að vanda voru veitt verðlaun fyrir kort sem voru á sýningunni en veitt eru verðlaun í nokkrum flokkum. Það kort sem vann sem besta kortið var kort sem unnið er af Kingston University og sýnir Fótboltaíðkun í heiminum. Með sanni má segja að þetta kort sé hugsað aðeins útfyrir boxið.

Minni svo á næstu ráðstefnu sem verður haldin í júlí á næsta ári.

